

40 ára afmælishátíð Kvennaframboðs þann 13. Mars 2022

– ræða Sonju Ýr Þorbergsdóttur

Kæru konur,

Til hamingju með daginn og takk fyrir baráttuna!

Þó að femínismi sé orðinn mainstream og hægt sé að kaupa boli þar sem stendur *Feminist* yfir brjóstin í alþjóðlegum verslunarkeðjum búum við samt í heimi sem var hannaður af körlum - fyrir karla.

Við búum í heimi þar sem nær allar ákvarðanir byggjast á úreltum hagfræðikenningum karla fyrri tíma um að markaðurinn séu lausn alls og þessi velferð er bara útgjöld en ekki verðmætaskapandi. Þar sem ómeðvitaðir fordómar okkar allra eru enn innbyggðir í excel skjalinu sem ræður niðurstöðunni um laun kvenna, starfsaðstæður kvenna og stuðningskerfi stjórnvalda.

Nú eru nær allar konur útvinnandi en um þriðjungur þeirra velur sér að vera í hlutastarfi því meginábyrgðin á börnum, öldruðum eða veikum ættingjum og heimilinu er enn á þeirra herðum. Konur eru ennþá lengur frá vinnumarkaði eftir að hafa eignast börn því að þrátt fyrir að fæðingarorlof sé orðið 12 mánuðir er ekki búið að tryggja jafna skiptingu milli foreldra né tekur leikskóli við börnunum strax. Almennt er þetta um eitt ár sem þarf að brúa, sem kemur verst niður á þeim sem eiga ekki gott stuðningsnet eins og konur af erlendum uppruna.

Öll þessi ólaunuðu störf sem konur vinna skilar svo lægri innkomu vegna launuðu starfanna út ævina – í launapróun, starfstækifærum, starfsþróun og svo lífeyrisréttindum.

En nú vitum við að **kynskiptur vinnumarkaður** er meginástæðan fyrir launamun kynjanna hér á landi sem og annars staðar í heiminum. Stærsta mögulega stökkið sem við getum tekið til að útrýma launamuninum er því að endurmeta laun kvennastétta.

Það sem einkennir kvennastéttirnar er að þær vinna gjarnan störf sem fela í sér nán persónuleg samskipti og tilfinningalegu álagi þar sem hlaupið er hratt og sköpuð óáþreifanleg verðmæti.

Og af því konur eru að sinna ósýnilegri vinnu, og excel skjalið sem öllu ræður er stútfullt af fordómum þá upplifa þær oft en ekki að það séu of fáar hendur til að sinna fólkinu. Svo koma þær heim og hlaupa líka hratt að annast börnin, ættingjana og heimilið. Ofan þetta allt saman bætist svo við áreitni og ofbeldi heima og í vinnunni.

Allt þetta leiðir til veikinda og jafnvel að konur örmagnist eða kulni. Það eru helst konur sem eru komnar á fimmtudagsaldur sem missa starfsgetu og þurfa að lifa á örorkulífeyri.

### **Og þá að yfirskrift þessa erindis – Hvað vilja konur í dag?**

Við getum ekki sætt okkur við samfélag sem byggir velferð sína upp á baki kvenna þannig að þau bresti.

Konur vilja sterkt velferðarkerfi sem greiðir laun í samræmi við þau verðmæti sem störfin skapa, tryggir öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi, axlar ábyrgð á umönnun barna og aldraðra og jafnar möguleika fólks í gegnum stuðningskerfi stjórnvalda.

Af því að fjárfesting í almannabjónustunni er besta fjárfestingin fyrir friði og öryggi.

Konur vilja velferð sem grípur okkur í mótvindi lífsins og fjárhagslegt sjálfstæði.

Konur vilja öruggt þak yfir höfuðið, þær vilja góða heilsu, þær vilja ekki þurfa að segja #metoo, þær vilja sömu tækifæri óháð uppruna eða stöðu, þær vilja réttlát umskipti þegar kemur að loftslagsmálum, þær vilja jöfnuð og þær vilja frið.

Og þegar ég tala um konur verðum við að muna að konur skiptast líka í smærri hópa og mótvindurinn sem sumar konur berjast við er sterkari en annarra. Þetta er mótvindur sem skellur á konum sem ekki fæddust hér á landi, á konum sem eru ekki hvítar á hörund, eru ekki ófatlaðar, ekki gagnkynhneigðar, ekki sís konur, eru ekki í sterkri félagslegri stöðu eða fjárhagslegri. Okkur ber skylda til að tala máli allra kvenna og gera kröfum þeirra jafnhátt undir höfði og þannig skapa meðvind fyrir allar konur!

Í vinnunni er ég alltaf minnisbók til að skrifa niður hugmyndir, tékklista og helstu punkta af samtölum sem við tökum þátt í. Og þar er að finna einn tékklista sem heitir #Operation Mæðraveldi. Listinn er langur en við konur erum praktískar og étum þennan fíl sem feðraveldið er í bitum.

Svo ég vona að við getum sameinast um að forgangskröfur okkar verði réttlát laun kvennastétta og að útrýma öllu ofbeldi. Sagan sýnir okkur að við náum engum árangri nema með kvennasamstöðu. Það er kominn tími á næstu byltingu. Stundin er runnin upp!

Takk fyrir!